



# Pési

ATH!! Næsti Pési kemur út í okt. Efni þarf að berast í síðasta lagi 4 okt.



BÓKASAFN

## Frá Bókasafni Hrunamanna



BÓKASAFN

Bókasafnið er áskrifandi að til dæmis tímaritinu Eiðfaxa, Hús & híbýli, Gestgjafanum, Vikunni, Sýrpunni og Rauðu seriunni svo það er alltaf eitthvað nýtt. Eins eru alltaf einhverjar nýjar og spennandi bækur á safninu til að lesa eða til að fléttu og skoða.

### Bókasafnið er opið:


Mánudaga Kl. 20-21  
Þriðjudaga Kl. 16-18  
Miðvikudaga Kl. 16-18  
Fimmtudaga Kl. 16-18

Munið að skila safngögnum, skilalúgan er alltaf opin ☺

Bókasafn Hrunamanna  
Félagsheimilinu  
Sími: 480 6628

Netfang: [bokasafn@fludir.is](mailto:bokasafn@fludir.is)

Heimasíða: <http://bokasafn.fludir.is/>

Bókasafnið er líka á  Facebook



leitir.is



Gegnir

## Sundlaugin á Flúðum. Opnunartími

Mánudaga til föstudaga: 17:00-21:00

Laugardaga og sunnudaga: 13:00-18:00

## Tækjasalur í Íþróttahúsi. Opnunartími

Mánudaga til fimmtudaga 16.00-21:30, föstudaga:

13:00-18:00

Tækjasalur er opinn um helgar þegar mót eru í húsinu:

Fylgist með á facebook!



# HRUNARÉTTIR 15. SEPTEMBER

sept 2017  
Ritstjóri og  
ábyrgðarmaður  
Jón G. Valgeirsson  
Heimasíða: [www.fludir.is](http://www.fludir.is)

Umsjón. Svanhildur Pétursdóttir -  
[svanhildur@fludir.is](mailto:svanhildur@fludir.is)

27. árgangur.  
318.tölublað.  
[pesi@fludir.is](mailto:pesi@fludir.is).  
Sími. 480 6600

## Sveitarstjórapistill

September er runninn upp og haustið er væntanlega væntanlegt. Við sem fylgjumst með veðurspám getum trúlega ekki kvartað mikið og veðurguðirnir hafa verið okkur hliðhollir og væntanlega góð uppskera á leið í hús. Á það skyggir þó vandi sauðfjárnænda en þar sem sá þjóðflokkur hefur þraukað í 1000 ár veit ég að þó einhverjir bogni þá brotna þeir ekki. Sauðfjárnækt og sú menning sem tengist henni er ómetanleg og vonandi getum við haldið réttir um ókomna tíð.

Enn á ný er góð mæting á Uppskeruhátíðina okkar. Þessi litla hausthátíð setur góðan brag á sveitarfélagið og þjónar vel þeim aðilum sem eru að selja matvæli og þjónustu í sveitarfélaginu. Það er góður bragur á þessu og klárlega tækifæri fyrir okkur. Varðandi upplýsingarmál þá er búið að búa til fjögur upplýsingarskilti inn í aðkomuleiðir inn á Flúðir. Nú tekur við vinna við uppsetningu þeirra en misflókið verkefni verður að koma þeim fyrir. Fyrsta skiltið verður væntanlega sett á útskoti á nýjum Langsholtsvegi við „Litlu-Melabúðina“. Sú búð er reyndar til sóma og góður vitnisburður um það hvernig skynsamlegt er að koma vöru beint frá býli til neytanda.

Nú fer að koma hreyfing á starfssemi Hrunaljóss vegna ljósleiðarverkefnisins. Verið er að vinna í því að kaupa efni og fá útboð í lagnavinnu og blástur ljósleiðara að fara af stað. Gert er ráð fyrir að vinna við lagnavinnu geti hafist í október auk þess sem hægt er að byrja á að nýta þær lagnir sem við eigum í jörðu. Verið er að útbúa gömlu símsstöðina í Félagsheimilinu sem miðju fyrir starfssemi Hrunaljóss og er skondið hvernig gamlar fjarskiptamiðstöðvar geta öðlast nýtt líf. Guðmundur Danielsson verkefnisstjóri er byrjaður að fara rúntinn og hitta fólk og skrá notendur og skoða með lagnaleiðir. Eins og við var að búast eru viðtökur frábærar og ég veit að þegar þetta kerfi okkar er komið í gagnið verður bylting í fjarskiptamálum dreifbýlisins.

Nú eru úrgangsmálin í skoðun og ljóst er að sveitarfélagið þarf að fara að huga að næstu skrefum. Væntanlega gæti málið eitthvað skýrst eftir vinnu Sorpstöðvar Suðurlands en miðað við umfang málaflökksins og kröfur um aukna flokkun og endurnýtinu ættu íbúar og fyrirtæki að fara að spá í að þessi mál breytist. Ég vil sérstaklega hvetja fyrirtæki til að huga að þessum málaflökki og nýta sér góða flokkun og umhverfisvitund sem markaðstæki fyrir sína starfssemi.

Á vettvangi sveitarstjórnarmála er það að segja að nú er verið að taka stöðuna á rekstri sveitarfélagsins á árinu 2017 og jafnframt að huga að undirbúningi fjárhagsáætlunar 2018-2021. Ljóst er að mörgu er að hyggja og við þurfum að bregðast við ákveðnum útgjaldþáttum en einhverjar tekjur reitast inn á móti. Þyngst vegur þó að nú þurfum við að gera ráð fyrir rekstri vegna Hrunaljóss og það kallar á töluverða fjármögnun.

Þá erum við í samvinnu við Félag eldri Hrunamanna að skoða að breyta samstarfi um tómstundastarf eldri borgara með þeim hætti að félagið fái, fyrir utan fría aðstöðu, beinan fjárstuðning en félagið sjái síðan um að skipuleggja starfið sitt og sjá um rekstur þess. Er það spennandi breyting sem stuðlar vonandi að enn betri og fjölbreyttari starfssemi fyrir eldri borgara.

Nú fer starfssemi félagasamtaka í sveitarfélaginu að fara af stað með haustinu þó margt miðist þó við „eftir réttir“. UMFH er búið að setja upp metnaðarfulla dagskrá í íþróttahúsinu og vil ég hvetja alla til að notfæra sér íþróttamannvirki Hrunamannahrepps, hvort sem það er sundlaug, tækjasalur eða íþróttasalur. Þegar skyggja tekur þá vil ég hvetja þá sem eru í umferðinni að gæta sérstakrar varúðar vegna barna sem eru á ferðinni í skóla og tómstundir. Vonandi getum við farið að setja upp skilti í íbúðargötur þar sem sem fram kemur að hámarks hraði þar er 30 km/klst en því miður er of mikið af hraðakstri á Flúðum.

Að lokum vil ég monta okkur af fyrsta rafmagnsbílnum í eigu Hrunamannahrepps. Hitaveita Flúða var að fá afhentan Wolksvagen e-golf til að nýta í þágu sveitarfélagsins. Við erum afar stolt að hafa stigið þetta skref í orkuskiptum því við erum samfærðir um að þetta verður framtíðin.

Njótum síðan haustsins og litagleði þess saman.

Jón G. Valgeirsson

Sveitarstjóri

## Íbúð til leigu í Heimalandi.

Laus er til umsóknar íbúð fyrir eldri borgara, í Heimalandi á Flúðum.

Áhugasamir skili inn umsóknum á skrifstofu Hrunamannahrepps fyrir 22. sept 2017.



# Söngfólk óskast

## Kirkjukór Hruna- & Hrepphólasókna

Spennandi starf framundan þar sem m.a. verður undirbúin tónleika- og skemmtiferð til Írlands á alþjóðlegt kóramót í Derry haustið 2018. (<http://derrychoirfest.com>)

### Staður:

Félagsheimili Hrunamanna

### Hvenær?

Á fimmtudögum kl. 20:30-22:30

### ATH! Fyrsta æfing?

Föstudaginn 22. september kl. 20:00



Áhugasamir hafi samband við Stefán Þorleifsson (gsm: 615-2920) organista fyrir profusöng.  
Gsm: 615-2920 Netfang: [stebbi@tonlist.net](mailto:stebbi@tonlist.net)

*Kórinn sér um söng við helgihald í Hruna- & Hrepphólakirkjum auk þess að halda sjálfstæða tónleika.*



**Bíla- og  
smáflutningar  
8917772**

**80**  
**STAÐIR**  
UM LAND ALLT

**E** **EIMSKIP**  
Flytjandi



## ÞARFTU AÐ LÁTA FLYTJA EITTHVAÐ?

Við sinnum öllum almennum flutningum til og frá Suðurlandi.

Daglegar ferðir um alla Árnessýslu og hvert á land sem er.

Hafðu samband hvort sem um er að ræða tilboð í einstakan flutning eða reglubundna flutningsþjónustu.

**E** **EIMSKIP**  
Flytjandi

Háheiði 8 | 800 Selfoss | 525-7951 | flytjandi.is

## *Frá Félagi eldri Hrunamanna* **Félagsfundur**

Félagsfundur verður haldinn miðvikudaginn 13. september kl. 14:00 í kjallara Heimalands. Fundarefni: Félagsstarfið – hvert stefnum við? Stjórn vonast til að sem flestir mæti.

Vatnsleikfimin byrjar mánudaginn 18. sept. Kl. 15:20. Hún verður einnig á fimmtudögum. Kennari er Árni Þór.

Starfið í kjallaranum hefst þriðjudaginn 3. október kl. 13:00 og fyrirkomulag þess tekur mið af niðurstöðum félagsfundar.

Lestur Íslendingasagna verður á þriðjudagsmorgnum kl. 10:15 – 11 og byrjar 10. október. Að þessu sinni verður Njála lesin.

Opið hús verður eins og undanfarin ár þriðja miðvikudag hvers mánaðar kl. 14:00 í Félagsheimilinu.

Stjórnin hvetur féлага til að mæta á þá viðburði sem eru í boði.

## **Björgunafélagið Eyvindur**

*Söfnunin á sjálfvirkum hjartahnoðara er lokið.*

Söfnuninni sem ýtt var úr vör þann 14.mái sl. hefur gengið vonum framar. Höfum við fest kaup á sjálfvirka hjartahnoðaranum og er hann kominn í okkar hendur.

Einstaklingar, félagasamtök, fyrirtæki og sveitarfélögin fjögur í uppsveitum Árnessýslu hafa styrkt okkur til kaupanna og sendum við þeim mikið þakklæti fyrir.

Einnig viljum við þakka fjölskyldu og vinum Magnúsar Óskarssonar í Hamratungu og Pálmars Þorgeirssonar á Flúðum, sem gáfu í minningu þeirra.

**Samfélagið hefur svo sannarlega staðið vel að baki þessarar söfnunnar og er ómetanlegt að finna að þegar þess er þörf leggjast allir á eitt.**

Með kæru þakklæti fyrir góðar undirtektir, meðlimir í Björgunarfélaginu Eyvindi.



**Samkaup** strax

Flúðum

Opnunartími

Mánudaga til föstudaga: 09:00–19:00

Laugardaga: 10:00–19:00

Sunnudaga: 11:00–18:00

Sími: 486 6633



**Fjallaraf**  
sími 662 0530

**Hjörleifur Ólafsson**  
Raffræðingur Löggiltur rafverktaki

Fossi  
Hrunamannahreppi  
845 Flúðir

Sími 662 0530  
Fax 486 6432  
fossi@fossi.is



**TAXI á svæðinu sem mun þjónusta**  
Grímsnesið, Bláskógabyggð, Hrunamannahr og Skeiða  
og Gnúpverjahr.

Og allar sumarbústaðabyggðir á þessum svæðum eftir  
bestu getu.

**TAXI DRIVER** Sími: 7760810 & 7831224

Uppspretta vellíðunar

NÁTTÚRULEGT GUFUBAÐ HEITIR POTTAR SÁNA

Ópið alla daga vikunnar

www.fontana.is



LAUGARVATN  
**fontana**  
Hólsúnd frá landnámi

Símanúmer Heilsugæslustöðvarinnar  
í Laugarási **432-2770.**  
Aðalnúmer Heilbrigðisstofnunar á Selfossi **432-2000**

VIOLA snyrtistofa  
Högnastíg 1 Flúðum.

GUINOT húðvörur fyrir dömur og herra

ALESSANDRO naglalökk og gloss

Meðferðir: Andlitsbað – Húðhreinsun – Fótsnyrting –

Handsnyrting – Vaxmeðferðir – Litun og plokkun.

Tímamantanir í Síma 856-1599



Hár-Hrun

Klippi í Félagsheimili Hrunamanna

Vinsamlegast pantið tíma

í síma: 486-5535 og 899 9665 Inga Birna.

*Skrifstofa Hrunamannahrepps.*

*Opnunartími.*

*Mánudaga til fimmtudaga: 09:00-12:00 og 13:00-16:00*

*Föstudaga: 09:00-12:00*



Hrunamannahreppur

**Fótaaðgerðarstofan Heimalandi auglýsir!**

**Er mætt aftur til starfa og verð við eftir samkomulagi.  
(Félagar í Félagi eldri Hrunamanna fá afslátt (5.500))**

**Tímamantanir í síma: 863 0433**

**Allir velkomnir**

Sólveig Jóhannsdóttir Löggiltur fótaaðgerðarfræðingur



Menningar- og upplýsingastofa Arnessýslu

Kynnið ykkur fjölbreytta viðburðadagskrá á

[www.upplit.is](http://www.upplit.is) –allir velkomnir



## Daglegar vöruferðir í uppsveitir Árnessýslu - Selfoss - Hveragerði - Reykjavík

Brottför frá Flúðum kl. 8.00 alla virka morgna  
og frá Nesfrakt í Reykjavík kl. 12.00.

Öllum vörum keyrt heim til viðtakanda.



### Hafðu samband

Héðinsgata 1 – 3, 105 Reykjavík  
Sími 533-2211 - [www.nesfrakt.is](http://www.nesfrakt.is)  
Beint samband í flutningabíl 773-1626

# Nesfrakt

## Flutningaþjónusta Unnars



Sími: 856 1580 • Netfang: [vondull@simnet.is](mailto:vondull@simnet.is)

## Grænna land ehf.

Hellulagnir

Áburðargjöf

Beðahreinsun

Garðsláttur

Garðaúðun

Gróðursetning trjáplanta

Ráðgjöf um hönnun garða

Trjáklippingar

Þökulagnir

Trjáplöntusala



Erla Björg Arnardóttir  
Garðyrkjufraeðingur  
Sími: 858-3399  
[graennaland@simnet.is](mailto:graennaland@simnet.is)



Sími 899-2910 [www.pizzavagninn.is](http://www.pizzavagninn.is)



**September 2017**

Staðurinn sem kemur til þín

Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur
31. ágúst <b>Laugarvatn</b> 18:00-20:30	1. sept <b>Flúðir</b> 18-21	2. sept <b>Borg</b> 18:00-20:30
7. sept <b>ATH Árnes</b> 18:00-20:30	8. sept <b>Lokað í dag</b>	9. sept <b>Reykholt</b> 18-21
14. sept <b>Laugarvatn</b> 18:00-20:30	15. sept <b>Lokað vegna rétta</b>	16. sept <b>Réttaball Árnesi</b> Opnum um miðnætti
21. sept	22. sept <b>Brautarholt</b> 18:00-20:30	23. sept <b>Reykholt</b> 18-21
28. sept <b>Laugarvatn</b> 18:00-20:30	29. sept <b>Flúðir</b> 18-21	30. sept <b>Borg</b> 18:00-20:30



Sími 899-2910 [www.pizzavagninn.is](http://www.pizzavagninn.is)



**Október 2017**

Staðurinn sem kemur til þín

Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur
5. okt	6. okt <b>Árnes</b> 18:00-20:30	7. okt <b>Reykholt</b> 18-21
12. okt <b>Laugarvatn</b> 18:00-20:30	13. okt <b>Flúðir</b> 18-21	14. okt <b>Lokað í dag</b>
19. okt	20. okt <b>Brautarholt</b> 18:00-20:30	21. okt <b>Reykholt</b> 18-21
25. okt ATH miðvikudagur <b>Laugarvatn</b> 18:00-20:30	27. nóv <b>Flúðir</b> 18-21	28. okt <b>Borg</b> 18:00-20:30



## **KAFFI-SEL RESTAURANT AND PIZZERIA**

**Open 11:00 – 21.30, every day.  
Opið alla daga frá kl. 11.00 til 21.30.**

Everyone welcome! / Verið hjartanlega velkomin!

Tel. 486-6454 / 846-9321 / 661-5935

<http://kaffisel.is>

Facebook: kaffisel



# Íbúar í dreifbýli

Munið að koma með slökkvitæki heimilisins til okkar í slökkvistöðina að Árvegi 1 á Selfossi.


Starfsmaður Slökkvitækjapjónustu Suðurlands mun taka á móti ykkur og skipta út tækjunum og afhenda rafhlöður í reykskynjara, ykkur að kostnaðarlausu samkvæmt þjónustusamningi við sveitarfélögin.



Nánari upplýsingar á slökkvistöðinni á Selfossi  
í síma 4-800-900 eða á [slökkvitaeki@babubabu.is](mailto:slökkvitaeki@babubabu.is)

## Nudd - Massage

Nú er í boði  
endurnærandi heilnudd  
og Bowen meðferð í  
Bergholti - Kistuholti 3,  
Reykholti á mánudögum  
og þriðjudögum.  
Tímabókanir og nánari  
upplýsingar má finna á  
facebook síðunni minni:  
NG ehf



<https://www.facebook.com/NGBowenognudd/>

og í síma 8976944.

Nils G. – Bowentæknir og nuddari.

Now you can get full body massage and Bowen technic treatment in Bergholt - Kistuholti 3, Reykholt. You can find online booking and more information on my facebook page: NG ehf <https://www.facebook.com/NGBowenognudd/>

Nils G. tel: 8976944

[nilsgudjon@gmail.com](mailto:nilsgudjon@gmail.com)



## HRUNAPRESTAKALL

Ágætu sveitungar.

Ég er þakklátur fyrir góða kirkjusókn í messum nú síðsumars. Einmuna veðurbliða setti þar sinn svip sem og gestrisni og gleði. Áfram er stefnt að margvíslegum gæðastundum í kirkjunum okkar í haust og vetur. Dagskrá helgihaldsins í prestakallinu verður send út í öll hús síðar í mánuðinum og fær vonandi sinn stað á ísskáp heimilisins eða minnistöflu. Fyrsta vers eftir réttir er kvöldmessa í Hrunakirkju 24. september en þá mun kórinn undir stjórn Stefáns Þorleifssonar syngja ljúfa sálma inn á milli ritningarorða, hugvekju og bænar. Næstu messur í prestakallinu eru sem hér segir:

**24. sept.:** *Kvöldmessa* í Hrunakirkju kl. 20:30.

---

**1. okt.:** *Fjölskylduguðsþjónusta* í Hrunakirkju kl. 11 og *guðsþjónusta* í Ólafsvallakirkju kl. 14.

Viðamiklum framkvæmdum innandyra í Stóra-Núpskirkju lýkur senn og er stefnt að messu þar 12. nóvember nk. Fermingarstörfin hófust með sameiginlegum fundi foreldra og prests nú í ágúst og svo þátttöku fermingarbarna í uppskerumessu í Hrunakirkju laugardaginn 2. september. Fræðslusamverur verða á mánudögum kl. 15-17 í október og nóvember. Sautján börn hefja fermingarundirbúning nú á þessu hausti. Sem fyrr má fylgjast með því sem framundan er í prestakallinu á hruni.is og á fésbókarsíðunni, facebook.com/hrunaprestakall. Þá er ég kominn með nýtt netfang, **hrunaprestur@gmail.com**, en símanúmerið er áfram það sama 856-1572.

Með blessunaróskum.  
*Óskar Hafsteinn Óskarsson*  
sóknarprestur



## Umhverfi - Umhyggja

Hrunamannahreppi, 845 Flúðir, Sími 480 6620, Netfang: undraland@undraland.is

### Til verðandi leikskólaforeldra

- ✓ Þeir sem hafa hug á því að sækja um vistun fyrir barnið sitt **veturinn 2017-2018**, vinsamlegast leggið inn umsókn **sem fyrst**.
- ✓ Hægt er að sækja um **undanþágu** frá 12 mánaða aldri.
- ✓ Umsóknareyðublað er hægt að nálgast í leikskólanum og á heimasíðu leikskólans [undraland.is](http://undraland.is)
- ✓ Senda má umsóknina í tölvupósti á netfangið [ingibjorg@undraland.is](mailto:ingibjorg@undraland.is)
- ✓ Gjaldskrá er aðgengileg á heimasíðu leikskólans.
- ✓ Vistunar- og dvalarreglur eru aðgengilegar á heimasíðu leikskólans.

**Mikilvægt er vegna skipulags á leikskólanum að fjöldi barna fram á vor liggi fyrir sem fyrst.**

Með kveðju

Ingibjörg Bjamey Baldursdóttir leikskólastjóri.

## Heimabakaðar flatkökur.

Tilvalið í hnakktöskuna og í réttirnar.  
Tek á móti pöntunum í síma 8996616.  
Kristín Karólína



## Hlutastarf í boði

Starfskraftur óskast til að sjá um kaffiveitingar fyrir Félag eldri Hrunamanna á þriðjudögum frá 1. október til 30. apríl.  
Nánari upplýsingar hjá stjórn félagsins í símunum: 486 6696, 8646639 og 893 6606





Tíminn líður trúðu mér...enn á ný er komið haust og starfsemi leikskólans að komast í fastar skorður eftir sumarfrí. Hér á Undralandi eru tæplega 40 börn í vistun á þremur deildum, Skógarkoti, Heiðarkoti og Móakoti. Um nokkurt skeið hefur verið boðið upp á vistun fyrir börn frá eins árs aldri og vonum við að það verði áfram, það veltur þó á plássi í húsi og starfsfólki.

Á leikskólanum er góður hópur starfsfólks og í ljósi umræðu um manneklu í leikskólum á Reykjavíkursvæðinu, og víðar, erum við í góðum málum. Hér hefur ekki þurft að skerða vistun eins og algengt er víða, við höfum getað tekið inn þau börn sem sótt hefur verið um vistun fyrir og starfið er faglegt og mikill metnaður hjá starfsfólki. Þeir sem lengst hafa unnið hér á leikskólanum taka eftir breytingu í vistun barna, fleiri börn eru í vistun alla daga vikunnar og eru hér í átta tíma. Þetta hefur kallað á breytingu í skipulagi vinnutíma og þannig eru fleiri starfsmenn mættir til vinnu klukkan átta og fleiri sem vinna til fjögur. Þar sem starfsmannahópurinn er samstíga og sveigjanlegur hefur þessi skipulagning gengið vel.

Nokkrir starfsmenn eru í námi með vinnu og er það ánægjulegt. Þannig eru tveir starfsmenn í fjarnámi við HÍ í leikskólakennarafræðum, einn er í framhaldsnámi og þrír eru í námi sem heitir leikskólalíðabrá hjá Fræðslunetinu. Einn starfsmaður hefur lokið fagnámskeiði fyrir starfsmenn leikskóla hjá Fræðslunetinu og einn starfsmaður hefur lokið starfstengdu diplómanámi fyrir fólk með þroskahömlun í HÍ. Unnur Þórsdóttir er hér í vinnu þrjá daga í viku, sér um að brjóta saman þvott, leggja á borð í hádeginu og sækja matinn út í skóla, ásamt fleiru. Með Unni er Else sem er okkur innan handar með ýmis verkefni ef svo ber við. Hér eru þrír leikskólakennarar og einn grunnskólakennari að störfum og einn þroskajálfri.

Á þessu má sjá að menntunarstig starfsmanna fer hækkandi og það er vel. Víða á landsbyggðinni eru leikskólar reknir með jafnvel einum fagmenntuðum starfsmanni og þá ekki endilega leikskólakennara. Þema vetrarins er umhverfi og heilsa en eins og margir vita erum við dugleg að skoða nærumhverfið og ætlum að vera meðvitaðri og fræða börnin um mikilvægi hreyfingar á heilsuna.

Við hlökkum til vetrarins og bjóðum alla velkomna að kíkja í heimsókn til okkar.

F.h. starfsfólks Undralands  
Ingibjörg Bjarney Baldursdóttir  
Leikskólastjóri



Frá setningu Flúðaskóla  
þriðjudaginn 22. ágúst



Á uppskeruhátíðinni Matar-  
kistan voru þau hjónin í  
Hvammi, Jóhannes og Kristín  
heiðruð fyrir sitt framlag í  
ræktunarstarfi og skógrækt í  
Hrunamannahreppi.

Eftir uppskerumessu í Hruna,  
var þeim afhent útskorin gjöf  
eftir Helgu í Bryðjuholti.





Skógræktarfélag Hrunamannahrepps hefur undanfarin ár valið og verðlaunað tré ársins og að þessu sinni varð fyrir valinu reynitré sem stendur í Ásatúni.

Þetta fallega tré er um 100 ára gamalt og Laufey Indriðadóttir, sem var mikil áhugamanneskja um trjárækt kom til græðlingum af þessu tré sem síðar voru gróðursettir í Laufeyjarlundi á Flúðum.



## Atvinna

### Húsvörður—launafulltrúi—afleysing.

Hrunamannahreppur óskar eftir starfsmanni í 100% starf við Félagsheimili og Áhaldahús Hrunamanna. Gert er ráð fyrir að viðkomandi geti hafið störf eigi síðar en um næstu áramót.

Einnig er laust til umsóknar 50% starf launafulltrúa á skrifstofu Hrunamannahrepps. Æskilegt er að viðkomandi hafi þekkingu á launakerfum. Gert er ráð fyrir að viðkomandi geti hafið störf eigi síðar en um næstu áramót.

Afleysing í 6 mánuði í bókasafni frá og með nóvember 2017.

Laun eru skv. kjarasamningum Félags opinberra starfsmanna. Allar nánari upplýsingar gefur sveitarstjóri Hrunamannahrepps í síma 480 6600 eða [jon@fludir.is](mailto:jon@fludir.is). Umsóknum skal skila á skrifstofu Hrunamannahrepps í síðasta lagi 28. september n.k.



**Flúðasveppir óska eftir starfsmanni í þökkun.  
Starfshlutfall 50-100%**

#### **Starfið**

felst í þökkun á sveppum og annað tilfallandi.

#### **Starfsmaður**

getur hafið störf strax.

#### **Hafa samband:**

[sveppir@sveppir.is](mailto:sveppir@sveppir.is)  
eða í síma 6119911 og 8939911

Í sumar hefur Guðjón Kristinsson ásamt fleirum unnið að endurbótum við Hrunalaug



Hitaveita Flúða hefur fest kaup á nýrri glæsikerru, sem gengur alfarið fyrir rafmagn.



# Íþróttastarf á vegum Ungmennafélags Hrunamanna veturinn 2017-2018 í íþróttahúsinu á Flúðum.

Eins og undanfarin ár býður UMFH upp á metnaðarfulla og öflugra íþróttadagskrá fyrir félaga sína í vetur. Þetta rit er til upplýsingar um það starf sem í boði verður í íþróttahúsinu á Flúðum í vetur.

Mikilvægt er að foreldrar skrái börnin sín í íþróttastarfið og geri sér grein fyrir því hvaða kostnaður og skuldbindingar fylgja því að eiga börn í íþróttum.

**Að þessu sinni er sú nýjung að foreldrar eru beðnir um að skrá börnin sín í þær greinar sem þau ætla að stunda í vetur með því að senda póst á netfangið [umfhrun@gmail.com](mailto:umfhrun@gmail.com) og láta kennitölu greiðanda fylgja með í póstinum. Miðað er við að gengið sé frá skráningum fyrir 25.september. Fram að þeim tíma er hægt að fá að prófa íþróttagreinar. En eftir þann tíma þarf að skrá iðkendur ýmist úr eða í greinar eftir aðstæðum.**

## **Góð ráð til foreldra**

Án iðkenda væri ungmennafélagið auðvitað ekkert en starfið verður enn öflugra þegar foreldrar og aðstandendur taka virkan þátt í því. Bakgrunnur fólks í íþróttastarfi er auðvitað misjafn og mikilvægt fyrir alla að hafa það í huga. En hér að neðan er hægt að sjá góð ráð til foreldra barna sem eiga börn í íþróttum.

*"Hvað ungur nemur, gamall temur"*

Sem foreldri getur þú tekið þátt í því að gera íþróttir barna og unglinga að eftirminnilegri og jákvæðri reynslu. Hér eru nokkrar ábendingar sem vert er að gefa gaum.

- Komdu á æfingu eða á leiki þegar þú getur. Það virkar hvetjandi fyrir barnið líka þegar það eldist.
- Hrósið öllum iðkendum meðan á æfingum eða leik stendur, ekki aðeins dóttur þinni eða syni.
- Hvetjið börnin bæði þegar vel gengur og þegar á móti blæs, ekki gagnrýna.
- Berið virðingu fyrir störfum þjálfarans, ekki reyna að hafa áhrif á störf hans á meðan á leik stendur.
- Dómarinn á að gæta að öryggi barnanna, dæma leikinn sanngjarnt eftir bestu getu og stuðla að ánægjulegum leik fyrir börnin. Ekki gagnrýna ákvarðanir hans.

- Hafið áhrif og hvetjið börnin til þátttöku, íþróttir eiga að vera skemmtilegar.
  - Spytjið hvort leikurinn eða æfingin hafi verið skemmtileg eða spennandi, úrslitin eru ekki alltaf aðalatriðið.
  - Sýnið starfi félagsins virðingu. Verið virk á foreldrafundum þar sem umræður fara fram um þjálfun og markmið félagsins, þar er ykkar vettvangur.
  - Mundu að það er barnið þitt sem er þátttakandi í íþróttum þegar í keppni er komið – ekki þú.
  - Kynntu þér starf félagsins og taktu virkan þátt með því að mæta á foreldra- og aðalfundi sem boðaðir eru.
  - Standið saman um fjáraflanir og félagstarf í yngri flokkunum.
- Aðstoða við þátttöku í mótum, akstur, aðstoða við utanumhald og skipulagningu í keppnisferðum, aðstoða við gistingu, sjoppuvaktir á heimamótum o.s.frv..
- Leggið ykkar að mörkum til að íþróttaiðkun barna ykkar verði raunveruleg forvörn gegn hvers kyns vá.

Ein góð vísa sem hefur fylgt okkar yngstu keppnisliðum í gegnum tíðina:

Skora eitt, skora tvö, skora hundrað sextíu og sjö – ÁFRAM  
HRUNAMENN

## Innra skipulag Ungmennafélags Hrunamanna

Ungmennafélag Hrunamanna var stofnað árið 1908 og hefur lifað góðu lífi í gegnum tíðina. Margt hefur eflaust breyst frá upphafsárum þess, en starfið hefur þó að mestu verið drifið áfram af öflugum sjálfboðaliðum úr samfélaginu. Á síðustu árum hafa foreldrar yngri iðkenda verið duglegir við að taka að sér trúnaðarstörf og þannig hefur starfið haldist gangandi og fjölbreytt dagskrá verið á boðstólnum allt árið um kring. Hér að neðan er hægt að sjá hverjir það eru sem nú mynda stjórn UMFH og deildir félagsins.

**Aðalstjórn** Formaður: Jóhanna Bríet Helgadóttir

Gjaldkeri: Valdís Magnúsdóttir

Ritari: Dúna Rut Karlsdóttir

Meðstjórnendur: Sigurður Sigurjónsson og Þorbjörg Helga Sigurðardóttir

Íþróttafulltrúi Umf. Hrunamanna: Árni Þór Hilmarrson  
(20% starfshlutfall)

## Deildir Umf. Hrunamanna (sem standa fyrir íþróttastarfi í íþróttahúsinu)

- Frjálsar íþróttir**    Formaður: María Magnúsdóttir  
Gjaldkeri: Bjarney Vignisdóttir  
Ritari: Alma Jenný Sigurðardóttir
- Fimleikar**    Formaður: Fríður Sæmundsdóttir  
Gjaldkeri: Hanna Björk Grétarsdóttir  
Ritari: Katrín Ösp Emilsdóttir
- Knattspyrna**    Formaður: Harpa Vignisdóttir  
Gjaldkeri: Halldór Hjartarson  
Ritari: Vantar fulltrúa
- Körfukn.**    Formaður: Katrín Ösp Emilsdóttir  
Gjaldkeri: Bára Sævaldsdóttir  
Ritari: Ragnheiður Ósk Guðmundsdóttir
- Blak karla**    Formaður: Kristján Geir Guðmundsson  
Gjaldkeri: Hörður Úlfarsson  
Ritari: Magnús Víðir Guðmundsson

- Blak kvenna**    Formaður: Hildur Hjalmsdóttir  
Gjaldkeri: Hrund Harðardóttir  
Ritari: Sigríður Björk Marínósdóttir

### **Fjölskyldutími**

Föstudaga 16.00-18.00. Í fjölskyldutímum geta foreldrar/aðstandendur komið með börnum sínum og stundað íþróttir í íþróttahúsinu. Athygli er vakin á því að í þessum tímum er ekki boðið upp á að börn undir 16 ára aldri séu ein í salnum. Greiða þarf inn í fjölskyldutíma sama gjald og í sundlaug.

### **Íþróttaskóli fyrir 4-5 ára – 5000 krónur á önn**

Námskeiðsform í október, nóvember, febrúar og mars. Fimmtudaga kl. 16.15-17.00  
Þjálfari – Hanna Björk Grétarsdóttir

### **Íþróttaskóli fyrir 1.-2. bekk - 16.000 krónur á önn**

Mánudaga og fimmtudaga kl. 13.00-14.00 og föstudaga kl. 12.40-13.40.  
Þjálfarar: Arni Þór Hilmarsson og Hanna Björk Grétarsdóttir

### **Knattspyrna - 8500 krónur á önn**

Miðvikudaga 17.40-18.40. 3.-6. bekkur  
Miðvikudaga 18.40-19.40. 7.-10. bekkur  
Þjálfari: Helgi Valdimar Sigurðsson

### **Fimleikar – 8500 krónur á önn**

Þriðjudaga 16.20-17.50. 3.-6. bekkur

## **Frjálsar - 8500 1 æfing, 12000 2 æfingar á viku á önn**

Mánudaga 16.10-17.10. 3-6. bekkur

Mánudaga 17.10-18.30. 7.-10. bekkur

Miðvikudaga 16.20-17.40. 6.-10. bekkur

Þjálfari: Guðbjörg Viðarsdóttir

## **Körfubolti – 18.000 krónur 3 æfingar á viku (3.-6.b.) og 20.000 krónur 4 æfingar á viku (7.-10.b.)**

Mb.kvk. (3.-6.b.): Mán 14.00-15.10, þri 15.10-16.20 og fös 13.30-14.40

Mb.ka. (3.-6.b.): Mán 14.00-15.10, fim 15.10-16.15 og fös 13.30-14.40

7.-10.kvk. (7.-10.b.): Mán 18.30-20, mið 15.10-16.20, fim 16-17.15 og fös 14.40-16

7.-10.ka. (7.-10.b.): Mán 18.30-20, þri 17.50-19, fim 17.15-18.30 og fös 14.40-16

Þjálfari: Árni Þór Hilmarsson (aðrir óráðnir en verða kynntir þegar það skýrist betur)

## **Blak – upplýsingar um æfingagjöld hjá stjórnnum deilda**

Konur – Þriðjudaga 19.00-20.30 og fimmtudaga 18.30-20.00

Karlar – Mánudaga 20.00-21.30 og fimmtudaga 20.00-21.30

## **Karlasport – námskeið sem eru mislöng og gjöldin eftir því. Nánar auglýst síðar.**

Þjálfari – Margrét Guðmundsdóttir

## **Old boys sport**

Knattspyrna á mánudögum 21.30-22.30

Körfubolti á miðvikudögum 19.40-20.40

## **Tækjasalur – opinn mán-fim 16.00-21.30 og fös 13.00-18.00**

Tækjasalur: 700 kr. ( 67 ára og eldri og öryrkjar frítt)

10 miðar 3.800 kr.

Mánaðarkort 4.800 kr.

Árskort í tækjasal 23.200 kr.

Árskort m/sundlaug 29.000 kr. í tækjasal og sund

## **Bjarkasjóður**

Umf. Hrunamanna heldur utan um menntunar og afrekssjóð, Bjarkasjóðinn. Sjóðurinn er nefndur eftir Matthíasi Bjarka Guðmundssyni sem lést langt um aldur fram. Bjarki var sönn fyrirmynd íþróttamanna innan vallar sem utan, bindindismaður á áfengi og tóbak og sannur keppnismaður. Bjarki átti glæstan feril sem blakmaður, byrjaði ungur hjá UMFH en færði sig síðar yfir í Þrótt Reykjavík. Bjarki lék fjölmarga landsleiki fyrir karlalið Íslands og þjálfaði síðar landsliðið árið 2005. Bjarki endaði sinn feril hjá Umf. Hrunamanna sem þjálfari og leikmaður liðsins.

Hlutverk Bjarkasjóðsins er tvíþætt. Honum er annars vegar ætlað að styrkja afreksíþróttafólk sem stundar sína íþrótt og/eða hafa farið í gegnum starf UMFH og hins vegar þá sem vilja komast í eða bæta við sig í þjálfaramenntun. Í gegnum tíðina hafa t.d. þeir sem komist hafa í yngri landslið Íslands hlotið styrki úr sjóðnum og einnig þjálfarar innan vébanda félagsins. Við minnum á sjóðinn og hvetjum okkar félagsmenn til þess að nýta sér hann.

SALUR 1	SALUR 2	SALUR 1	SALUR 2	SALUR 1	SALUR 2	SALUR 1	SALUR 2
<b>Mánudagur</b>	<b>Þriðjudagur</b>	<b>Miðvikudagur</b>	<b>Fimmtudagur</b>	<b>Föstudagur</b>			
13.00-14.00 Íþróttaskóli 1.-2. b.	15.10-16.20 Mb.kvk	15.10-16.20 7.-10.fl.kvk	13.00-14.00 Íþróttaskóli 1.-2. b.	12.30-13.30			
14.00-15.10 Mb.ka	16.20-17.50 Fiml. 3.-10.b.	16.20-17.40 Frjálsar 6.-10. b.	14.00-15.00 Tími eldri borgara	13.30-14.40 Mb.ka			
16.10-17.10 Frjá 3.-5.b.	17.50-19.00 7.-10.fl.ka	17.40-18.40 Fótbolti 3.-6. b	15.10-16.15 Mb.ka	14.40-16.00 7.-10.fl.ka			
17.10-18.30 Frjálsar 6.-10. b.	19.00-20.30 BLAK KVK	18.40-19.40 Fótbolti 7.-10. b	16.15-17.00 Íþ.sk. 4-5 ára	16.00-18.00			
18.30-20.00 7.-10.fl.ka	20.00-21.30 Mfl.ka.Blak	19.40-20.40 Old b. karfa	17.15-18.30 Karlasport	Fjölskyldutími			
20.00-21.30 Mfl.ka.Blak	21.30-22.30 Old boys Fótbolti						

Tækjasalur:  
Mán-Fim:16.00-21.30  
Fös: 13.00-18.00

Tækjasalur er opin  
um helgar þegar  
það eru mót í  
húsinu. Fylgjst með  
á facebook!



UMFH - Vetrarstarf  
Æfingatafla 2017-2018 í  
íþróttahúsinu á Flúðum

Æfingar hefjast 4. september skv. töflu. Ath. að íþróttaskóli, körfubolti og fótbolti hefjast 18. september. Íþróttaskóli 4-5 ára hefist 5. október.

Þjálfarar
Blak kvk
Blak kk
Fimleikar
Frjálsar íþróttir
Fótbolti
Íþróttaskóli
Körfubolti
Old boys
Karlasport
Laus tími
Fjölskyldutími

Árni Þór Hilmarsson  
Kristján Geir Guðmundsson  
Jónína Sif Harðardóttir, Hrafnhildur Sædis Benediktsdóttir og Hanna Björk Grétarsdóttir  
Guðbjörg Viðarsdóttir  
Helgi Valdimar Sigurðsson  
Árni Þór Hilmarsson - Hanna Björk Grétarsdóttir  
Árni Þór Hilmarsson  
Enginn þjálfari - greitt inn sama gjald og í sundlaug  
Margrét Guðmundsdóttir - námskeiðisform, betur auglýst síðar  
Her er hægt að sækja um tíma gegn greiðslu  
Enginn þjálfari - greitt eins og í sund  
- börn u 16 ára þurfa að vera í fylgd með fullorðnum